

L Ö G

um breyting á lögum um útsvör nr. 46 frá 15. júní 1926.

10

9. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

24. gr. útsvarslaganna orðist þannig:

Sá, er ekki vill hlíta úrskurði yfirskattanefndar, getur næstu 2 almanaks-mánuði eftir dagsetningu úrskurðar hennar skotið honum til rikisskattanefndar. Ríkisskattanefnd skal hafa lokið úrskurði eigi síðar en 2 mánuðum eftir að kæra kemur til nefndarinnar. Ríkisskattanefnd hefir sama rétt til þess að krefjast upplýsinga sem yfirskattanefnd, en nefndin breytir ekki útsvörum annara gjaldenda en þeirra, sem áfrýja til hennar úrskurði yfirskattanefnda.

Úrskurður rikisskattanefndar er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um gjaldeyrisverzlun o. fl.

11

9. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið. Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrir mæli um gjaldeyrisverzlunina.

11 Með reglugerð er heimilt að setja þau ákvæði, er þurfa þykir til þess að
9. jan. tryggja, að íslenskar afurðir, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með er-
lendum gjaldeyri og að hann renni til bankanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi flytja til lands-
ins, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar. Ennfremur, að engan
erlendan gjaldeyri megi láta af hendi, nema með leyfi nefndarinnar, og sé gjald-
eyrinum úthlutað eftir reglum, samþykktum af bönkum þeim, sem fulltrúa eiga
í gjaldeyrisnefnd. Leyfi þarf þó eigi til þess að inna af hendi erlendar greiðslur
af lánum ríkissjóðs og lánum þeim, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, eða fyrir
greiðslum erlendis í þarfir bankanna.

3. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skipuð fimm mönnum, sem fjármála-
ráðherra skipar. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu bankastjóra
Landsbanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu bankastjóra Útvegsbanka Íslands
h/f og þrír af fjármálaráðherra án tilnefningar, og sé einn þeirra formaður og
framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast um lengri tíma,
skipar fjármálaráðherra varamann um stundarsakir eftir sömu reglum og aðal-
menn eru skipaðir. Kostnaður við nefndina greiðist að hálfu úr ríkissjóði og
einum fjórða af hvorum bankanna.

4. gr.

Fjármálaráðherra setur nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli
haga störfum sínum. Heimilt er að veita nefndinni með reglugerð vald til þess
að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem ástæða þykir til.

5. gr.

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og tollstjórinn í Reykjavík skulu
láta gjaldeyris- og innflutningsnefnd í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og
söluverð útfluttrar vöru jafnskjótt sem skip það, er vörurnar flytur, leggur frá
landi. Ennfremur skulu þeir eigi síðar en 5. hvers mánaðar láta nefndinni í té
skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan; skal skýrslan vera í því formi,
er nefndin ákveður í samráði við hagstofustjóra.

6. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar
kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 50000.00, nema þyngri
refsing liggja við. Sömu hegningu varðar það, ef leyfishafi brýtur þau ákvæði,
er gjaldeyris- og innflutningsnefnd kann að hafa sett sem skilyrði fyrir leyfis-
veitingum. Ennfremur er upptækur sá ágóði, er fæst við brot á lögum þessum,

reglugerðum og auglýsingum eða skilyrðum gjaldeyris- og innflutningsnefndar fyrir leyfisveitingum. **11**

9. jan.

7. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum, reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögglumál.

8. gr.

Með lögum þessum er numin úr gildi 3.—6. gr. laga nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 1 8. marz 1920.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um iðnlánasjóð.

12

9. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til stuðnings iðnaðarmönnum og smærri iðjurekendum skal á næstu 10 árum leggja 25000 kr. á ári úr ríkissjóði í sérstakan sjóð, er heitir iðnlánasjóður. Þegar fé er ekki ætlað á fjárlögum í þessu skyni, er ríkisstjórninni heimilt að taka þessa upphæð að láni.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir á hendi yfirstjórn iðnlánasjóðs, en skal fela Útvegsbanka Íslands, eða annari hlíðstæðri stofnun, með sérstökum samningi stjórn hans og meðferð, svo sem lánveitingar, vörzlu, bókhald, innheimtu og útborganir. Lán úr sjóðnum skal veita eftir tillögum frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna og eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir,